



Tillaga um samstarf við leigufélagið Brák um byggingu leiguíbúða við Miðholt 12-18

Sveitarstjóri gerir það að tillögu sinni að leitað verði samninga við leigufélagið Brák um byggingu fjögurra íbúða raðhúss til útleigu við Miðholt 12-18. Um er að ræða tvær tveggja herbergja íbúðir um 70m² og tvær þriggja herbergja íbúðir um 90m².

Send hefur verið staðfesting sveitarfélagsins á stofnframlagi með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar (sjá meðf. staðfestingu á stofnframlagi)

Heildar byggingakostnaður er 204.196.180.- og hlutur sveitarfélagsins 24.503.542.-Þar af eru opinber gjöld (m.a. gatnagerðargjöld) 11.473.613.-, lóðarverð 2.400.000.- þar sem leggja þarf í kostnað til að gera lóðina tilbúna. Beint framlag sveitarfélagsins er þá 10.629.929.-

Skipulagsfulltrúa verði falið að gera merkjalýsingu fyrir lóðina og gera minniháttar breytingu á deiliskipulagi.

Málinu verði vísað til sveitarstjórnar til ákvörðunar þegar öll gögn liggja fyrir.

Björn S. Lárusson
Sveitarstjóri